



Leikum og lærum

Ný menntastefna

Þróun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri menntastefnu.

Þróunarverkefni styrkt af Sprotasjóði

Menntamálaráðuneytisins.

Gunnhildur María Sæmundsdóttir

10/21/2013

Efnisyfirlit

Þróun skólanámskrár	3
Markmið	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	3
Öflun og miðlun þekkingar á grunnþáttunum	3
Starfendarannsóknir á grunnþáttum skólastarfs	4
Þróun grunnþátta og skráning	5
Skólaþing.....	6
Hlustað á skoðanir og viðhorf barna og ungmenna.....	6
Stöðumat.....	7
Helstu hindranir sem upp komu	7
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	7
Ávinningur	7
Kynning.....	8
Samstarfsaðilar í verkefninu:	8

Þróun skólanámskrár

Þróun skólanámskrár í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar með hliðsjón af nýrri menntastefnu hófst í upphafi skólaársins 2011-12 þegar nýjar aðalnámskrá komu út. Þróun og innleiðing hefur því staðið í þrjú ár. Þróunarverkefnið *Leikum og lærum* hefur staðið í eitt ár og hefur Skólaskrifstofa leitt það en skólarnir hafa séð um sinn hlut og því starfi sem snýr að hverjum skóla fyrir sig. Verkefnastjóri var Gunnhildur María Sæmundsdóttir, skólafulltrúi og ráðgjafi var Björn Þráinn Þórðarson framkvæmdarstjóri fræðslusviðs Mosfellsbæjar. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði árið 2012.

Markmið

1. Að grunnþættir menntastefnu verði afgerandi inntak í skólanámskrám leik- og grunnskóla
2. Að þróa birtingamynd og leiðir fyrir hvern grunnþátt og setja þær fram í skólanámskrá skólanna
3. Að grunnþættir menntastefnu verði sýnilegir í skólastarfi og merkingabærir í skólanámskrám

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkefninu var skipt niður í fjóra verkþætti sem voru:

- öflun og miðlun þekkingar á grunnþáttunum
- starfendarannsóknir á grunnþáttum skólastarfs
- þróun grunnþátta og skráning
- skólaþing.

Öflun og miðlun þekkingar á grunnþáttunum

Þessi þáttur hófst í ágúst 2011 stuttu eftir að nýjar Aðalnámskrá voru gefna út. Byrjað var á að hafa fræðsludaga fyrir alla kennara og allt starfsfólk leik- og grunnskóla þar sem sérfræðingar voru fengnir til að fjalla um grunnþættina. Á síðasta skólaári var fræðslan

endurtekin og fengnir voru sérfræðinga í grunnþáttum í hvern leik- og grunnskóla, þar var áhersla á fræðslu fyrir hvern skóla, spurningar, umræður og þælingar þar sem grunnumræðan var þessi:

- Hvað þýðir þessi grunnþáttur fyrir þennan skóla og hvernig birtist hann í skólastarfinu?

Lykilstarfsmenn úr hverjum skóla fengu síðan sérstaka viðbótar fræðslu um grunnþættina sem haldin var á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Þeir mynduðu í kjölfarið stýrihóp í sínum skóla sem hafði það að verkefni að halda utanum um innleiðinguna og ásamt skólastjórnendum.

Eftirtaldir sérfræðingar voru fengnir í skólana til að sjá um fræðslu á hvernum grunnþætti fyrir sig:

Læsi:	Stefán Jökulsson lektor á Menntavísindasviði HÍ
Lýðræði og mannréttindi :	Ólafur Páll Jónsson lektor á Menntavísindasviði HÍ
Sköpun:	Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri Myndlistarskóla Reykjavíkur
Jafnrétti:	Hanna Björg Vilhjálmsdóttir félagsfræðingur og kennari
Sjálfbærni:	Helena Óladóttir verkefnastjóri Náttúruskólans
Heilbrigði og velferð:	Ólöf Sívertsen lýðheilsufræðingur og skólastjóri Heilsuskóla

Starfendarannsóknir á grunnþáttum skólastarfs

Í kjölfar og samhliða öflun og miðlun þekkingar á grunnþáttunum átti sér stað starfendarannsóknir og ígrundanir í hverjum skóla fyrir sig. Á sama tíma voru fræðslufundir um grunnþættina fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna þar sem eftirfarandi var haft að leiðarljósi

Hvernig birtast grunnþættirnir í skólastarfinu?

- gagnvart börnum og nemendum
- gagnvart kennurum og öðru starfsfólki
- gagnvart foreldrum

Grunnþættirnir eins og þeir birtast í aðalnámskrám leik- og grunnskóla eru ekki alveg nýir þættir í skólastarfi en með tilkomu aðalnámskrána þá eru þeir í fyrsta skiptið hryggjarstykkið í öllu skólastarfi og hafa þýðingu fyrir samfellu í skólagöngu hvers nemenda.

Þróun grunnþátta og skráning

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættirnir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum

Þeir byggjast á þeirri hugmynd t.d.

- að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis og að jafnrétti ríki milli einstaklinga og hópa í samfélaginu
- að mannréttindi allra séu ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins
- að sjálfbærni snúist um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar sem snýst um sköpun um framtíðarlausnir og hugmyndir

Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Lokaafurð verkefnisins er að:

- að skólarnir hafi fjallað um og útfært hvernig grunnþættirnir birtast í skólastarfinu og þýðingu grunnþáttanna fyrir skólann
- að kennarar og aðrir starfsmenn skóla hafi öðlast dýpri skilning á birtingarmynd hvers grunnþáttar í sínum skóla
- að grunnþættirnir séu sýnilegir og merkingabærir

Skóláping

“Það þarf þorp til að ala upp barn”

Í áætlun um verkefnið var lögð áhersla á að fá foreldra og nemendur sem virka þátttakendur í innleiðingu nýrrar menntastefnu og aðlögun grunnþáttanna að skólunum. Til að ná sem best til foreldra var sú leið farin að hafa sérstaka kynninga- og umræðufundi meðal foreldra þar sem þessi mál voru rædd. Umræðufundirnir voru sex, einn tileinkaður hverjum grunnþætti. Fundirnir byrjuðu á fræðslu frá sérfræðingi um hvern grunnþátt og síðan voru umræður og sjónarmið reifuð. Áhersla var á að stjórnendur skólanna og lykilstarfsfólk mættu til að fylgjast með umræðunni.

Þá var haldið sérstakt skóláping í vor (2013) þar sem fræðslufirvöldum, foreldrum, kennurum og öðru skólafólki og áhugasömum íbúum Mosfellsbæjar var boðið að koma til skrafs og ráðagerðar um hvað einkenni góðan skóla. Teknar hafa verið saman helstu niðurstöður eftir þingið og þær birtar skólástjórnendum, foreldrum og skólafirvöldum. Annað skóláping var haldið nú í nóvember (2013) þar sem framhald var á umræðunni um góðan skóla, ásamt rýni og umræðum um skólabyggingar, skólasamsetningu og skólabrag.

Umsjón með þessum þætti var á höndum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Hlustað á skoðanir og viðhorf barna og ungmenna

Aðalnámskrár gerir ráð fyrir að raddir barna hafi hljómgrunn og að virðing sé borin fyrir sjónarmiðum þeirra og hæfni til að taka ákvarðanir. Börn eru fær um að segja álit sitt á skólaumhverfi sínu og námi og hafa sjónarmið sem ber að taka alvarlega.

Sérstaklega var farið í vinnu við að hlusta á og tala við börn frá 2ja ára aldri til 15 ára um skoðun þeirra á grunnþáttunum og hvað einkenni góðan skóla. Margvíslegar leiðir voru notaðar til að leyfa börnunum að tjá sig s.s. teikningar, myndatökur, samræðuhópar, atferlisathuganir og hópavinna.

Skólarnir skiptu með sér verkum í þessu þætti með eftirfarnandi hætti:

- Börn 2ja – 5 ára, Reykjakot, leikskóladeild Lágafellsskóla og Krikaskóli
- Börn 6 – 9 ára, Krikaskóli
- Börn 10-12 ára, Lágafellsskóli
- Börn 13-15 ára, Varmárskóli

Niðurstöður þessa verkefnis liggur fyrir og verið er að kynna þær fyrir fræðslunefnd Mosfellsbæjar og skólastjórnendum. Segja verður að raddir nemenda eiga fullan rétt á sér og að börn og ungmenni búa yfir þekkingu sem best er að nálgast hjá þeim sjálfum.

Stöðumat

Helstu hindranir sem upp komu

Helstu hindranir sem upp hafa komið eru fyrst og fremst þær að verkið hefur tekið lengir tíma en áætlað var. Líklegasta skýringin er sú að undirbúningsvinnan var meiri og ekki áætlaður nægur tími í hann. Þá tekur það tíma að fá heilt skólasamfélag sem telur um 400 manns, fyrir utan foreldra og nemendur, til að vinna í takt. Þá má nefna að mörgum þótti sem litill tími væri gefin til ígrundunar og margt væri óljóst við innleiðinguna en eftir því sem leið á verkefnið hefur það skýrst.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun hefur staðist vel þó tímaramminn hafi verið örlítið lengri en áætlaður var .

Ávinningur

Ljóst er að mikill ávinningur er af verkefninu bæði í leik- og grunnskóla. Kennarar eru upplýstari um gildi hvers grunnþáttar og áhrif hans í skólanum, á nemendur og menntun. Þá eru foreldrar og nemendur einnig þátttakendur í mótun skólanámskráanna þar sem grunnþættirnir birtast í hverjum skóla.

Í öðru lagi þá hafa fræðsluyfirvöld og bæjarbúar í Mosfellsbæ fengið ítarlega kynningu á verkefninu og innleiðingu námskránnna í hverjum skóla fyrir sig og haft tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri.

Markmiðið hefur náðst en verkefnið heldur áfram, innan hvers skóla og á vegum Skólaskrifstofunnar og ávinningur heldur áfram að koma í fram, í formi þekkingar á grunnþáttunum og birtingamyndum þeirra í skólunum. Mikil umræða hefur skapast í skólasamfélaginu í víðara samhengi en sem nemur innleiðingu á grunnþáttunum, s.s. umræða um námsmat, kennsluáferðir, líðan barna og ungmenna, heilbrigði og umgjörð skólahúsnæðis. Verkefnið hefur því áhrif inn í framtíðina og mun, að mati undirritaðra, hafa jákvæð áhrif til skemmri og lengri tíma lítið.

Þróun skólastarfs má líkja við ferðalag með upphafi, skýrum leiðum og ákvörðunarstað þar sem allir þátttakendur bera ábyrgð á að ferðalagið takist vel.

Kynning

Kynning á verkefninu, **Leikum og lærum – ný menntastefna** fór fram hjá Skólapróunarfélagi Íslands, þann 2. nóvember 2012. Þá er fyrirhuguð kynning á skólanámskránum á vorönn 2014, sú kynning er ætluð fyrir kennara í Mosfellsbæ og að lokum verða þær birtar á heimasíðum skólanna og sameiginlegri heimasíðu Mosfellsbæjar þar sem allir hafa aðgengi að þeim. Þá mun verkefnið verða kynnt víðar ef óskað verður eftir því.

Samstarfsaðilar í verkefninu:

Leikskólinn Hulduberg

Leikskólinn Hlíð

Leikskólinn Hlaðhamrar

Leikskólinn Reykjakot

Leirvogstunguskóli

Krikaskóli

Lágafellsskóli

Varmárskóli

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar